

## **Pósthólf**

Pósthólf eru á flestum pósthúsum á höfuðborgarsvæðinu og um land allt. Hægt er að leigja pósthólf og fær viðskiptavinurinn þá póstinn afhentan í pósthólf en ekki í póstkassa/bréfalúgu.

Umsókn um pósthólf Sótt er um pósthólf með því að fylla út sérstakt eyðublað en viðkomandi getur valið hvaða pósthús hann vill skipta við.

## **Afgreiðslutími**

Nálgast má bréf í pósthólf á afgreiðslutíma viðkomandi pósthúss en frekari upplýsingar um afgreiðslutíma og verð pósthólfa má finna á heimasíðu Póstsins. Sjá [www.postur.is](http://www.postur.is)

## **Áritun**

Sérstök póstnúmer eru á pósthólfum. Númerið á pósthólfi er sett í staðinn fyrir heimilisfang. Ef pakki er stílaður á pósthólf er sett tilkynning í pósthólf og má þá nálgast sendinguna í pósthús.

## **Skilmálar**

Í pósthólf er raðað almennum bréfum og tilkynningum vegna bókfærðra sendinga til leigutaka sem merktur er pósthólfinu.

Óski leigutaki eftir að fá póst sendan frá heimilisfangi í pósthólfið greiðist fyrir það aukagjald fyrir áframsendingu. Til að þjónusta taki gildi þarf að fylla út beiðni um tímabundna áframsendingu og greiða þjónustugjald fyrir það tímabil sem óskað er eftir.

Leigutaki skuldbindur sig til að tæma pósthólfið reglulega svo ekki komi til óþæginda af því að póstur safnist fyrir. Ósóttur póstur verður endursendur eftir 60 daga. Pósturinn telst vera á ábyrgð leigutaka um leið og hann hefur verið afhentur í pósthólf hans.

Leigutími pósthólfa er almanaksárið og greiðist leigan fyrirfram. Leigutaki getur ekki framselt pósthólf til annarra.

Við afhendingu á nýju pósthólfi er greitt fyrirfram út almanaksárið en næstu ár á eftir er sendur út greiðsluseðill sem hægt er að greiða í næsta banka eða í gegnum bankalínu.

Uppsagnir skulu vera skriflegar og fara fram á viðkomandi pósthúsi þar sem skila þarf spjaldi/lykli.

Pósthólf eru eingöngu fyrir bréfapóst.